



# Verðlaunaafhending meistaratitla - Reglur -

Á lokahófi Akstursíþróttasambands Íslands sem haldið er í lok keppnistímabils eru afhent verðlaun.

Verðlaunin skiptast í eftirfarandi flokka og eru veitt í þessari röð:

1. Íslandsmeistarar
2. Önnur verðlaun
3. Akstursíþróttamaður ársins

## Íslandsmeistarar

Verðlaunin eru veitt íslandsmeisturum í hverjum flokki í hverri grein akstursíþróttar.

## Önnur verðlaun

Verðlaunin eru veitt af keppnisráðum, sem tilnefna verðlaunahafa og útvega verðlaunagripi. Þessi verðlaun geta til dæmis verið nýliðaverðlaun, tilþrif ársins eða eitthvað það annað sem keppnisráðin ákveða.

## Akstursíþróttamaður ársins

Verðlaunin eru veitt samkvæmt reglum um kosningu um akstursíþróttamanns ársins.